



Reykjanesbær, 8. janúar 2024

## Afmælissjóður Reykjanesbæjar - opið fyrir umsóknir til 1. febrúar

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í afmælissjóð sem stofnaður var í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar í júní. Öllum er frjálst að sækja um styrk úr sjóðnum vegna verkefna og viðburða sem hægt er að tengja við afmælið. Eftirfarandi er frétt sem er komin á vef sveitarfélagsins.

-----

### **Viltu taka þátt í að halda upp á 30 ára afmæli sveitarfélagsins?**

- Opnað hefur verið fyrir umsóknir í afmælissjóð Reykjanesbæjar

Reykjanesbær auglýsir eftir umsóknum um styrki úr afmælissjóði sveitarfélagsins. Þann 11. júní 2024 verða 30 ár frá því að Reykjanesbær varð til við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna og stendur til að fagna þeim áfanga á árinu. Hægt er að sækja um styrki fyrir verkefni og viðburði sem hafa það markmið að auðga mannlíf, efla menningu, virkja íbúa og/eða laða að gesti, heiðra söguna, fegra bæinn eða styðja við fjölbreytileikann í sinni breiðustu mynd. Verkefni mega koma til framkvæmda allt árið 2024 en sérstök afmælisáhersla verður vikuna 10.-17. júní.

Umsækjendur þurfa að gera grein fyrir hvaða þýðingu verkefnið/viðburðurinn er talinn hafa á samfélag sveitarfélagsins og hvernig hann mun tengjast 30 ára afmælinu. Verkefnið/viðburðurinn þarf að fara fram í Reykjanesbæ.

Miðað er við að styrkfjárhæðir séu á bilinu 50-500 þúsund krónur en í undantekningartilvikum er unnt að veita hærrí styrki fyrir umfangsmikil og metnaðarfull verkefni.

Valnefnd metur þær umsóknir sem berast út frá markmiðum afmælissjóðsins en tekið er mið af raunhæfni verkefna, kostnaðar- og tímaáætlun, ásamt því hvernig þau passa inn í dagskrá afmælisársins. Valnefnd áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Í umsókn þarf að gera grein fyrir:

- Markmið og lýsing á verkefni:
  - Nafn verkefnis, þarf að vera bæði stutt og lýsandi fyrir verkefnið.
  - Stutt lýsing á verkefninu, 1-2 setningar.
  - Nákvæm lýsing á verkefninu/viðburðinum.
  - Hver er markhópur verkefnisins?

**Ráðhús Reykjanesbæjar**

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

[reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](mailto:reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



- Hvaða þýðingu verkefnið/viðburðurinn er talinn hafa á samfélag sveitarfélagsins og hvernig mun hann tengjast 30 ára afmælinu?
- Hver eða hverjir sækja um styrkinn og ætla að vinna verkefnið sem sótt er um styrk fyrir og hver er ábyrgðaraðili (nöfn/netföng).
- Styrkuppþæð sem óskað er eftir.
- Einföld verk- og tímaáætlun.
- Kostnaðaráætlun (áætlaður kostnaður og ráðstöfun þess fjármagns sem óskað er eftir)

Umsóknnum skal skila með rafrænum hætti á heimasíðu sveitarfélagsins. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið [afmaeli@reykjanesbaer.is](mailto:afmaeli@reykjanesbaer.is).

Frestur til að senda inn umsóknir er til 1. febrúar 2024.

-----

Bæjarráð hvetur alla áhugasama til að sækja um styrk úr sjóðnum vegna skemmtilegra verkefna og einnig hjálpa til við að bera út boðskapinn og hvetja hugmyndaríka og framtaksama íbúa og starfsfólk til þátttöku.

Fyrir hönd bæjarráðs  
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir,  
formaður bæjarráðs